

123. löggjafarþing 1998–99.  
Þskj. 369 — 309. mál.

## Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald, forðagæslu o.fl.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen,  
Kristín Halldórsdóttir, Magnús Stefánsson, Svavar Gestsson.

1. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, er skylt að hafa gripa sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljóttist engin hættu fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–4. gr., nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar málsgreinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2000.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og einnig tvívegis á síðasta kjörtímabili en varð þá ekki útrætt. Því miður hefur sá vandi sem því er ætlað að leysa, þ.e. umferðaróhöpp og slys sem tengjast lausagöngu stórgripa, síst minnkað.

Til marks um það er ný samantekt á umferðaróhöppum sem tengjast búfé úr ritgerð Huga Hreiðarssonar um þau efni (fskj. II) og blaðagrein hans um málið (fskj. I).

Tíðni alvarlegra umferðaróhappa og slysa, sem rekja má til lausagöngu stórgripa á og við þjóðvegi víða um landið, er alvarlegt áhyggjuefni. Á árinu 1989 starfaði nefnd að því að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin var m.a. skipuð fulltrúum frá Vegagerð, Búnaðarfélagi og Umferðarráði, auk þess sem í henni sat einn bóndi, landgræðslustjóri og deildarstjóri umhverfisdeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar var að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð. Einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þá tillögu, sbr. skýrslu nefndarinnar sem birt er sem fskj. V með frumvarpi þessu.

Þessi tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga í sinni upphaflegu mynd heldur varð niðurstaðan sú með setningu nýrra laga um búfjárhald vorið 1991 að gefa sveitarstjórnnum afdráttarlausar heimildir til að fyrirskipa vörslu á sínu svæði. Þótt fjölmargar sveitarstjórnir hafi brugðist við í framhaldi af setningu laganna vorið 1991, sbr. fskj. IV, tíðkast lausaganga stórgripa enn á nokkrum svæðum við meiri háttar umferðaræðar og bólar ekki á aðgerðum

af hálfu viðkomandi sveitarstjórna. Þetta ástand er, eins og dæmin sanna, með öllu óviðunandi og því þykir flutningsmönnum tímabært að taka af skarið.

Í áður nefndri skýrslu færa nefndarmenn m.a. frameftirfarandi rök fyrir þeirri tillögu sinni að banna lausagöngu stórgripa:

„Hrossum landsmanna hefur fjölgað á undanförunum árum. Víða eru þau í vörslu allt árið og mikið hefur dregið úr hrossabeit á afréttum. Töluvert er samt um að hross séu í lausagöngu í heimahögum og eiga þá oft greiðan aðgang að þjóðvegum.

Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu umferðarslysin, þar sem búfé á hlut að máli, eru árekstrar ökutækja og hrossa.

Í skýrslum frá lögreglustjóraembættum er getið um 130 umferðarslys á árunum 1986–1988, þar sem ekið hefur verið á hross og lögregla kölluð á vettvang. Ohætt er að fullyrða að töluvert fleiri óhöpp hafi orðið þar sem lögreglan er ekki alltaf kölluð á staðinn og skýrslur því ekki gerðar.

Slys hafa orðið á mönnum, ökutæki stórskemmst eða eyðilagst og gripir drepist.

Bótakröfur eru miklar og í flestum tilvikum eru bifreiðaeigendur gerðir ábyrgir.

Hvað nautgripa varðar eru þeir nær undantekningarlaust í vörslu allt árið og slys af þeirra völdum eru mjög sjaldgæf. Nefndin telur hins vegar að með tilliti til búskaparháttá sé eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og um hross.

Mun auðveldara og ódýrara er að girða griphelda girðingu fyrir hross og nautgripa en fyrir sauðfé.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að eigendum eða umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið, þ.e. að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra.“

Enn fremur segir í skýrslunni um þetta:

„Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér framangreindar heimildir [heimildir laga til að takmarka búfjárhald, áður búfjárræktarlög og lög um búfjárhald í kaupstöðum og kaup-túnum, nú lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl.] til takmörkunar á búfjárhaldi, en samræmingu skortir og framkvæmd reglnanna er ekki alls staðar sem skyldi. Hér er því lagt til að eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, verði gert skylt að hafa þá í vörslu allt árið en áfram verði í gildi ákvæði sem heimili sveitarstjórnarmönnum að takmarka eða banna lausagöngu annars búfjár.

Er þá til þess að líta að tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár og bann við lausagöngu hrossa er nú mun víðar í gildi, bæði á afréttum og heimalöndum, en bann við lausagöngu sauðfjár. Þykir nefndinni því tímabært að stíga það skref að banna alla lausagöngu stórgripa með lögum.“

Þessar niðurstöður nefndarinnar og rökstuðningur eru enn í fullu gildi. Þó svo að fjölmargar sveitarstjórnir hafi á síðustu árum tekið á þessum málum og margar bannað lausagöngu hrossa eða stórgripa, sbr. fskj. IV, tíðkast lausaganga enn á mörgum stöðum, jafnvel þar sem þjóðvegir með miklum umferðarpunga liggja eftir endilöngum sveitarfélögum.

Á ákveðnum leiðum er það þannig að sjaldan líður svo mánuður að ekki komi til óhappa sem tengjast lausagöngu stórgripa. Er í því sambandi óhjákvæmilegt að nefna Húnavatns-sýslur og Skagafjörð en þar eru óhöpp af þessu tagi hvað tíðust.

Skylt er að geta þess að mikið hefur verið gert undanfarin ár til að ráða bót á þessu ástandi. Þannig hefur lögreglan, bæði á Sauðárkróki og Blönduósi, lagt sig fram um að fá bændur og sveitarstjórnir til samstarfs um að taka á þessum málum.

Upplýsingar um fjölda óhappa sem tengjast búfé á landinu öllu eru fengnar frá Vegagerð ríkisins sem hefur unnið þær upp úr lögregluskýrslum. Allar þessar upplýsingar og töflur eru birtar í fskj. III.

Ljóst er að í framhaldi af lagabreytingu af þessu tagi verða væntanlega breytingar á ábyrgð málsaðila ef umferðaróhöpp verða eftir sem áður vegna þess að stórgripir sleppa úr vörslu eða vörsluskylda er með öllu vanrækt. Reynir þá væntanlega á heimildir gildandi laga til að skipta tjóni, þ.e. lækka eða fella niður bætur, ef sá sem fyrir tjóninu verður, í þessu tilviki eigandi stórgripsins eða gripanna, er meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 88. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987. Með vísan til þessarar heimildar er það niðurstaða flutningsmanna að leggja ekki til breytingar á umferðarlögum að svo stöddu. Meginregla 88. gr. um að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu á vélknúnu ökutæki skuli bæta tjón sem hlýst af notkun þess mun að sjálfsgöðu haldast. Aðeins í þeim tilvikum að vörsluskylda væri vanrækt eða hún gáleysislega framkvæmd er líklegt að heimild 3. mgr. sömu greinar umferðarlaga um að lækka eða fella niður bætur yrði virk. Einnig er rétt að hafa í huga að lögð er til nokkur aðlögun að gildistöku laganna (1. september 2000) sem m.a. mætti nota til að meta hvort þörf væri á að breyta öðrum lagaákvæðum í kjölfar þess að Alþingi samþykkti almenna vörsluskyldu stórgripa. Núverandi staða er óviðunandi, bæði vegna þeirrar hættu á alvarlegum slysum sem lausaganga stórgripa skapar, en einnig vegna hins að staðan er mismunandi eftir sveitarfélögum. Það tekur einnig til mögulegrar meðábyrgðar eiganda gripanna á slysi í þeim sveitarfélögum þar sem lausaganga er bönnuð, sbr. t.d. dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 1. október 1993. Í kjölfar hans hefur þess aðeins orðið vart að lausagöngubann sé fellt úr gildi í sveitarfélögum þar sem búið var að koma því á. Er slíkt auðvitað óþolandi afturför.

Loks er rétt að geta þess að í ákvæðum vegalaga er að finna það nýmæli í 56. gr. að lausaganga alls búfjár er bönnuð á vegsvæðum þar sem girt er beggja megin vegar. Slíkt lausagöngubann á þeim vegsvæðum, sem þegar eru lokuð af með girðingum, kemur þó engan veginn í stað vörsluskyldu stórgripa, óháð ástandi girðinga meðfram vegum, eins og hér er lagt til.

Lagt er til að lög in öðlist gildi 1. september 2000 þannig að eigendum stórgripa, sveitarstjórnnum og öðrum málsaðilum gefist nokkur aðlögunartími að gildistöku þeirra.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### *Um 1. gr.*

Lagt er til að ótvíræð vörsluskylda verði lögð á eigendur stórgripa, þ.e. í þessu sambandi nautgripa og hrossa, og sérstaklega tekið fram að þeim, þ.e. eigendunum, beri að sjá til þess að slíkir gripir gangi ekki lausir á þjóðvegum eða við þá. Þessi vörsluskylda skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem þannig háttar til að fullvíst og tryggt má telja að af því geti ekki stafað hættu fyrir umferð. Hægt er að hugsa sér þær aðstæður að beitarlönd liggi þannig úr alfaraleið að ekki sé nein hættu á að gripirnir komist á þjóðvegi eða í umferð sem máli skipti. Um slík tilvik skulu þá gilda sérstök ákvæði í samþykktum viðkomandi sveitarstjórna og um þau haft samráð við lögreglustjóra. Þá skal samþykki landbúnaðarráðherra koma til, en sveitarstjórnir hafa hins vegar, sbr. 5. gr. laganna, sjálfstæða heimild til að fyrirskipa vörslu. Ekki þykir rétt að á grundvelli hennar megi nýta hið undanþæga ákvæði um hagagöngu stórgripa utan girðinga án þess að samþykki landbúnaðarráðuneytis komi til.

Um 2. gr.

Rétt þykir að gefa nokkuð rúman aðlögunartíma bæði sveitarstjórnnum og eigendum stórgripa sem kunna að þurfa að gera tilteknar ráðstafanir til að geta uppfyllt ákvæði frumvarpsins.


### Fylgiskjal I.

*Hugi Hreiðarsson:*

#### **Búfjárslysum fjölgar. Á annað hundrað slys á ári.** (Morgunblaðið 4. janúar 1998.)

Frá árinu 1990 hafa rúmlega 600 ökumenn lent í árekstri við búfé á vegum landsins. Flest eru þessi slys á þjóðvegi 1 og þá helst að sumarlagi. Í könnun sem greinarhöfundur gerði í nóvember hjá 30 lögregluembættum landsins kom í ljós að á árunum 1994 til 1996 drápuðust alls 411 kindur og 129 hross eða samtals 540 skepnur. Til viðmiðunar var gerð samskonar könnun fyrir árin 1986 til 1988 en þá drápuðust 450 skepnur.

Í þessum ákeysrslum var oftast um minniháttar óhöpp að ræða. Tjón var að jafnaði innan við 100.000 kr. en þó urðu nokkur alvarleg slys. Þau svæði sem oftast eru nefnd í skýrslum lögreglu eru Húnavatnssýsla og Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Þessi svæði eiga það einnig sameiginlegt að þar hafa flest alvarlegustu slysin orðið, þetta eru mikil landbúnaðarhéruð og þar er mikill ökuhraði á vegum.



### **60 milljónir til bænda og búfjáreigenda.**

Kostnaður af völdum ákeyrslna á búfé er margvíslegur og eru stærstu tjónþolendur öku-menn sjálfir. Undanfarin ár hafa þeir þurft að bera kostnað af eigin tjóni sem og að greiða bændum eða búfjáreigendum bætur fyrir dýrið hafi það drepist. Tjónatölur ökumanna vegna skemmda á bifreiðum liggja hins vegar ekki fyrir þar sem þær fara sjaldan í gegnum trygg-ingakerfið. Ástæður eru oftast þær að ökumenn sjá sér ekki hag í því að láta tryggingakerfið greiða tjónið vegna bónusmissis.

Í samtölum við lögregluvarðstjóra víðs vegar um land kom fram að aðeins hluti af þessum tjónum kom inn á þeirra borð. Nefndu þeir að ökumenn létu hjá líða að tilkynna óhapp þar sem greiðsla fyrir búfé bættist við þeirra tjón á ökutæki. Einnig minntust þeir á slys þar sem ökumenn reyna að forðast árekstur á búfé en lenda þess í stað utan vegar, stundum með alvarlegum afleiðingum. Slík tjón væru hvergi skráð sem afleiðing af lausagöngu búfjár.

Einu haldbæru tölurnar sem hægt er að byggja á eru þær bætur sem bændur og búfjáreig-endur fá fyrir þær skepnur sem drepast. Samkvæmt upplýsingum frá tryggingafélagunum námu þessar greiðslur um 60 milljónum króna frá árinu 1990 til 1996 eða um átta og hálfri milljón króna á ári. Samkvæmt þeim útreikningum er meðalgreiðsla fyrir hross um 195.000 kr. og um 7.600 kr. fyrir lamb eða kind.

Þessar tölur eru þó aðeins lítill hluti af heildartjónakostnaði. Til viðbótar greiðslum til bænda og búfjáreigenda má bæta við slysatryggingum ökumanna, vinnutapi, dánar- og ör-orkubótum og kostnaði við sjúkrapláss. Enginn þeirra sem greinarhöfundur ræddi við var tilbúinn að áætla heildarkostnað vegna þessara tjóna á ári en þó er ljóst að um verulegar fjár-hæðir er að ræða.

### **„Lifum enn í bændapjóðfélagi.“**

Til að kanna viðhorf tryggingafélaganna var haft samband við Sumarliða Guðbjörnsson, deildarstjóra tjónadeildar hjá Sjóvá-Almennum. Hann sagði tryggingafélögin enn bíða eftir róttækum aðgerðum stjórnvalda. „Það þarf að umbylta þeim hugsunarhætti sem fram kom í hæstaréttardómi fyrir nokkrum árum þar sem sagði að búfénaður Íslands ætti frían og frjálstan aðgang að þjóðvegum landsins. Þetta bændahugarfar þarf að breytast til að þessi mál komist í lag. Þarna er ekki verið að hugsa um öryggi vegfarenda heldur einungis um hag bú-fjáreigenda. Að okkar mati ætti sá sem á eða hefur umsjón með búfé að vera ábyrgur fyrir því tjóni sem það kann að valda á þjóðvegum landins. Þjóðvegir eru lagðir til að flytja fólk og vörur en ekki til að hýsa búfé á eða við vegstæði. Hins vegar þarf líka að framfylgja betur lögum þar sem segir að veghaldara eða lögreglu sé heimilt að fjarlægja búfé sem hætta stafi af við vegstæði. Í dag er lítið eða ekkert gert að því þó svo að lausaganga skapi mikla hættu.“ En hvað um breytingar á vegalögum sem tóku gildi 1. janúar 1995? „Samkvæmt 56. grein í vegalögum er nr. 45 er lausaganga búfjár bönnuð sé girt beggja vegna við stofn- eða tengiveg. Hins vegar hefur enn ekki reynt á hvort þessi lög séu réttþærri heldur en 88. gr. um-ferðarlaga sem kveður á um ótakmarkaða ábyrgð ökumanns. Slíkt mál er nú komið fyrir hér-aðsdóm og skammt að bíða þess að dómur falli. Ef 56. grein heldur ekki fyrir dómi þá er öll sú vinna sem lögð var í breytingar á vegalögum gagnlaus og ástandið mun þá enn haldast óbreytt,“ segir Sumarliði Guðbjörnsson.

### **Takmarkaðri bótaréttur erlendis.**

Að sögn Sigmars Ármannssonar hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga gilda svipaðar reglur um skaðabótaábyrgð ökumanna í nágrennaríkjunum. „Hins vegar höfum við stöku

sinnum orðið varir við nokkra undrun hjá erlendum tryggingafélögum vegna skaðabótakrafna fyrir búfænað. Í tilfellum þar sem erlent ökutæki ekur á búfænað á íslenskum vegum ber samþökum bifreiðatryggingafélaga hér á landi að bæta slíkt tjón samkvæmt íslenskum reglum. Síðan endurkrefjum við skaðabæturnar hjá hinum erlendu vátryggingafélögum þessara ökutækja. Sum þessara vátryggingafélaga hafa hins vegar leitað sérstakra skýringa á þessum kröfum þar sem bótaréttur eigenda búfjárnsins virðist sums staðar ekki jafn afdráttarlaus og hér á landi.“

### **Ökumenn í órétti.**

Í dag er aðeins hluti þjóðveggar eitt girtur af beggja vegna vegar og enn eru margir hreppar sem leyfa lausagöngu. Af því leiðir að ökumenn eru víða ábyrgir aki þeir á skepnu og breytir þá engu hver tildrög slyssins eru. Vegna þessa hafa bændur og búfjáreigendur getað fengið sauðfé og stórgripi bættu burtséð frá ástæðum slyssins.

Ef ökumaður hverfur af vettvangi eftir ákeyrslu hafa margir bændur tryggingu sem bætir fyrir skepnuna. Með slíkri tryggingu dugar bónda að fá staðfestingu lögreglu á því að hann hafi fundið dauða kind eða lamb í vegkanti vegna ákeyrslu og fær hann þá bætur greiddar frá sínu tryggingafélagi.

Þó svo að veghaldara sé í lögum heimilt að fjarlægja búfé á kostnað búfjárhaldara er slíkt afar fátítt. Nefnt hefur verið í þessu sambandi að verði bóndi uppvis að því að sauðfé hans sækir ítrekað á vegstæði, þar sem lausaganga er bönnuð, verði sá búpeningur fjarlægður. Auk áfallins kostnaðar verði bóndinn jafnframt sektaður enda séu hans búhættir ekki samkvæmt lögum og ógnun við umferðaröryggi.

Hér skal þó tekið fram að ekki er eingöngu við bændur að sakast. Margir hafa bent á að frá upphafi hafa vegir verið lagðir um heimalönd bænda og þess vegna sé það veghaldara að sjá um uppbyggingu og viðhald girðinga. Lengi hefur verið deilt um þetta mál eða þar til endurbætur voru gerðar á vegalögum árið 1995. Með þeim voru tekin af öll vafatriði um ábyrgð og skyldur bænda. Með lögnum sér Vegagerðin, í samstarfi við viðkomandi bónda, um að koma upp girðingu í heimalöndum við tengivegi og þjóðveg 1 en að því loknu er girðingin á ábyrgð bóndans.

Sumir halda því fram að með nýju lögnum sé gengið nokkuð hart að bændum sem séu margir illa staddir fjárhagslega. Á undanförunum árum hafi kjör þeirra versnað og margir þeirra hafi einfaldlega ekki efni á því að halda girðingum við. Þar þurfa stjórnvöld að athuga með hvaða hætti þau geta komið bændum til aðstoðar.

### **Hreppar leyfa aftur lausagöngu hrossa.**

„Alvarlegustu búfjárslýsin eru oftast þegar keyrt er á hross. Við ákeyrslur lenda hross oft ofan á bifreiðinni, framrúða kurlast, þak leggst niður og dýrið kastast út fyrir veg (lögreglu- maður).“

Fram til ársins 1995 var sú regla að einungis þar sem lausaganga hesta var bönnuð og fjárheldar girðingar voru beggja vegna vegar gat ökumaður vænst þess að fá tjón sitt bætt. Þessar reglur höfðu gilt frá árinu 1973 með endurbótum vorið 1991 en þá var sveitarstjórn- um gefnar rýmri heimildir til að fyrirskipa bann við lausagöngu hrossa.

Ef marka má fyrrnefnda könnun greinarhöfundar er ljóst að breytingar á búfjárhaldi hafa ekki skilað tilskildum árangri. Ein skýring kann að vera sú að ábyrgð hestaeigenda hefur verið lítil. Þrátt fyrir fyrrnefnd lög féllu margir dómar eigendum hesta í vil þó svo að girt væri beggja vegna vegar og lausaganga bönnuð. Þar kom til kasta 88. gr. umferðarlaga sem kveð-

ur á um algjöra ábyrgð ökumanna nema til komi stórfellt gáleysi tjónpola. Til viðbótar voru sveitarstjórnir og hreppar misfljótir að tileinka sér þessar nýju reglur og enn þann dag í dag leyfa margir hreppar lausagöngu stórgripa. Dæmi um þetta má nefna Húnavatnssýslu. Þar banna aðeins 3 hreppar af 12 lausagöngu hrossa (ath. fyrir sameiningu), og aðeins einn bannar bæði lausagöngu sauðfjár og hrossa.

Í kjölfar endurbóta á lögum um búfjárhald árið 1991 var oftast farið að kanna aðstæður og ástæður fyrir ákeysrslum. Það var síðan í janúar 1994 að undirréttur dæmdi tryggingafélagi í vil vegna bótakröfu bónda sem átti hross sem ekið var á. Í framhaldi af því gekk Djúpárhreppur í Rangárvallarsýslu fram í því að aflétta sjö ára gömlu banni við lausagöngu hrossa. Auglýsing þeirra birtist í Lögbirtingablaðinu í september 1994. Fleiri hreppar fylgdu þessu fordæmi.

### Auglýsing

frá hreppsnefnd Djúpárhrepps um lausagöngu hrossa.

Á fundi hreppsnefndar Djúpárhrepps þann 3. febrúar s.l. var samþykkt að aflétta banni við lausagöngu hrossa í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu frá og með dagsetningu þessa bréfs.

Ástæðan er fyrst og fremst byggð á nýgengnum dómi undirréttar þar sem bónda voru ekki greiddar bætur vegna hross sem ekið var á á þjóðvegi nr. 1, við rimlahlíð rétt vestan Ytri-Rangár í Djúpárhreppi, en þar var lausaganga hrossa bönnuð.

Þá vill hreppsnefndin minna á að nánast er útilokað að framfylgja lausagöngubanni á þjóðbrautum er liggja gegnum heimalönd jarða.

Bykkvabær, 18. mars 1994  
F.h. hreppsnefndar Djúpárhrepps,  
Páll Guðbrandsson oddviti.

3654)

### Flestar ákeysrslur á bundnu slitlagi.

Frá árinu 1990 hefur bundið slitlag lengst úr 890 km í 1.122. Í kjölfarið hefur hraði aukist og umferð orðið meiri. Samt sem áður virðist sem Vegagerðin sjái sér ekki hag í því að tryggja að koma upp fjárheldum girðingum meðfram vegum með bundnu slitlagi. Þetta sést vel þegar lögregluskýrslur úr umdæmi Skagafjarðar eru skoðaðar. Þar kemur í ljós að af 72 árekstrum við búfénað sem urðu árin 1994 til 1996 urðu aðeins 3 þeirra á möl.

Að sögn Gunnars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar, telur Vegagerðin sig ekki skuldbundna til að tryggja að vegir séu lausir við ágang búfjár. Þessu til stuðnings bendir hann á vegalög. Einnig hefur Vegagerðin bent á að sumstaðar sé kostnaður svo hár við girðingar að hagkvæmara sé að kaupa upp búfjástofna.

Samkvæmt tölum frá Vegagerðinni hefur hún frá árinu 1991 lagt 140 milljónir króna beint til viðhalds og uppbyggingar girðinga við vegstæði eða um 23 milljónir króna á ári. Í þessum tölum eru þó ekki girðingar við nýlagða vegi.

### Mörg grá svæði.

Víst er að þótt lög og reglugerðir hafi verið settar eru gráu svæðin enn of mörg. Lítið virðist þokast í þessum málum og róttækar breytingar eru ekki í nánd. Á Alþingi hefur þó hópur þingmanna með Steingrím J. Sigfússon í fararbroddi reynt að koma í gegn lagafrumvarpi sem

banna mun alla lausagöngu hrossa við stofn- og tengivegi. Frumvarpi þessu hefur jafnan verið vísað til nefndar og það svæft.

Þó má minnst á að fyrir um ári skipaði Félag íslenskra bifreiðaeigenda nefnd sem fjalla skyldi um málið. Ástæður þess voru þær að FÍB höfðu borist fjölmargar ábendingar frá öku- mönnum vegna lausagöngu búfjár. Skipað var í nefndina hinn 28. ágúst 1996. Þar var flestum hagsmunaaðilum boðið að taka þátt í umræðum svo sem Bændasamtökum Íslands, dóms- málaráðuneytinu, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Samtökum landflutningamanna, Vegagerðinni og Umferðarráði. Þrátt fyrir að rúmt ár sé síðan nefndin var skipuð hefur enginn fundur verið haldinn.

#### **Enginn veit hver er næstur.**

Svo virðist sem þessi óþörfu búfjárslýs séu orðin hluti af umferðarmenningu okkar og ekki horfur á breytingum í nánd. Þær endurbætur sem gerðar voru á búfjárlögum 1991 og á vegalögum árið 1995 hafa ekki skilað tilætluðum árangri, a.m.k. fækkar ekki slysum. Það er því ljóst að enn á ný þarf að endurskoða lög um búfjárhald og þar þurfa allir hagsmunaaðilar að taka höndum saman. Á þessu ári sem nú er rétt að byrja má reikna með að um 130 ökumenn keyri á skepnu á þjóðvegum landsins og þar veit enginn hver verður næstur.



**Fylgiskjal II.***Hugi Hreiðarsson:***Könnun á árekstrum við búfé á árunum 1994–96.**

Úrtakið nær til 30 lögregluembættum um land allt.

	1994	1994	1995	1995	1996	1996
	Kindur	Hross	Kindur	Hross	Kindur	Hross
Keflavík .....	0	0	1	0	0	3
Grindavík .....	0	0	0	0	0	0
Hafnarfjörður .....	0	0	0	0	0	0
Reykjavík, Mosfellsbær .....	3	1	1	1	8	1
Kópavogur .....	1	0	0	0	1	0
Akranes .....	0	0	0	0	0	0
Borgarnes .....	27	2	20	5	23	2
Stykkishólmur .....	1	2	12	3	5	0
Ólafsvík .....	5	0	4	1	0	0
Grundarfjörður .....	7	0	1	0	7	0
Búðardalur .....	3	0	4	0	11	1
Patreksfjörður .....	4	0	1	0	0	0
Hólmavík .....	5	0	9	0	9	0
Ísafjörður .....	1	0	4	0	4	0
Blönduós .....	3	2	7	12	3	3
Sauðárkrúkur .....	8	12	12	15	13	17
Akureyri .....	0	7	1	8	2	0
Ólafsfjörður .....	5	0	5	0	3	0
Siglufjörður .....	1	0	0	0	0	1
Húsavík .....	1	4	15	5	10	1
Egilsstaðir .....	3	0	4	0	8	0
Höfn .....	3	1	5	0	1	2
Seyðisfjörður .....	0	0	0	0	0	0
Vopnafjörður .....	4	0	2	0	9	1
Eskifjörður, Fáskrúðsfjörður .....	18	0	14	0	22	0
Neskaupstaður .....	0	1	0	0	0	0
Hvolsvöllur .....	0	4	0	3	1	3
Selfoss .....	4	0	14	1	12	0
Vík .....	3	1	8	2	5	1
Vestmannaeyjar .....	0	0	0	0	0	0
Samtals hver tegund	79	34	122	50	125	30
Samtals		113		172		155

Kindur/hrútar, lömb	326
Hestar/folöld	114
Alls	440
Meðaltal	108 kindur á ári
	38 hross á ári

Athygli vekur að óhöppum fjölgar um 35% milli árunna 1994 og 1996. Fjöldi dýra 1986–88 var 430.

**Fylgiskjal III.****Upplýsingar um umferðaróhöpp sem tengjast búfé.****ÁRIÐ 1987**

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár) (sv. 2)	4	0	76
Suðurland (vestan Þjórsár) (sv. 3)	11	0	145
Reykjanes (sv. 4)	20	0	574
Vesturland (sv. 5)	26	2	199
Vestfirðir (sv. 6)	0	0	55
Norðurland vestra (sv. 7)	8	2	119
Norðurland eystra (sv. 8)	8	0	128
Austurland (sv. 9)	/	0	108
<b>LANDIÐ ALLT</b>	<b>78</b>	<b>4</b>	<b>1.404</b>

Ath. Upplýsingar Vegagerðarinnar um slys á þjóðvegum byggjast á lögregluskýrslum. Frá 1. mars 1988 hefur verið ætlast til að þeir ökumenn, sem lenda í óhöppum, skrái sjálfir upplýsingar um óhappið án aðstoðar lögreglu. Við breytinguna fækkaði því óhöppum sem Vegagerðin fær upplýsingar um.

**ÁRIÐ 1988**

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	0	0	43
Suðurland (vestan Þjórsár)	14	1	103
Reykjanes	21	2	493
Vesturland	13	0	135
Vestfirðir	0	0	72
Norðurland vestra	6	1	71
Norðurland eystra	7	0	79
Austurland	5	0	57
<b>LANDIÐ ALLT</b>	<b>66</b>	<b>4</b>	<b>1.053</b>

## ÁRIÐ 1989

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	7	2	51
Suðurland (vestan Þjórsár)	11	0	125
Reykjanes	23	0	360
Vesturland	18	0	128
Vestfirðir	2	0	38
Norðurland vestra	14	4	76
Norðurland eystra	6	2	70
Austurland	2	0	53
LANDIÐ ALLT	83	8	901

## ÁRIÐ 1990

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	13	1	57
Suðurland (vestan Þjórsár)	13	0	107
Reykjanes	18	2	329
Vesturland	26	2	129
Vestfirðir	/	/	40
Norðurland vestra	8	0	59
Norðurland eystra	6	1	64
Austurland	5	0	51
LANDIÐ ALLT	90	7	836

## ÁRIÐ 1991

Svæði	Fjöldi slysa þar sem ekið hefur verið á skepnur	Þar af fjöldi slysa með meiðslum á fólki	Heildarfjöldi slysa
Suðurland (austan Þjórsár)	5	0	47
Suðurland (vestan Þjórsár)	17	1	131
Reykjanes	13	0	315
Vesturland	11	0	151
Vestfirðir	/	0	33
Norðurland vestra	13	3	93
Norðurland eystra	5	0	53
Austurland	3	0	53
LANDIÐ ALLT	68	4	876

**Upplýsingar frá lögreglunni á Blönduósi.**

(16. mars 1993.)

Samkvæmt beiðni var tekinn saman fjöldi umferðaróhappa sem urðu vegna ákeyrslu á búfé árin 1990–92 og eins sá fjöldi hrossa og kinda sem drápu af þessum sökum.

	Kindur	Hross	Óhöpp
1990 .....	2	5	7
1991 .....	2	7	6
1992 .....	8	7	14
Samtals	12	19	27

Það sem af er árinu 1993 hefur verið ekið á tvö hross.

Rétt er að fylgja þessum tölum aðeins úr hlaði. Þessi umferðaróhöpp og það búfé sem fórst af völdum þeirra er samkvæmt fyrirliggjandi lögregluskýrslum. Því til viðbótar er algengt að bændur finni kindur dauðar við þjóðveginn en slíkt er ekki skráð sem umferðaróhapp heldur sem búfjártjón. Þar af leiðir að það sauðfé sem trúlega ferst af völdum ákeyrslu er mun fleira en framangreindar tölur gefa til kynna og hætta er á því að slíkir atburðir séu oft og tíðum hálfóhugnanlegir þar sem ekki er víst að kindurnar drepist strax þótt ekið sé á brott frá staðnum án þess að tilkynna um atburðinn. Þá er misjafnt hvað mörg hross eða margar kindur farast í hvert skipti sem ákeyrsla á sér stað en það getur verið frá því að ekkert dýr týni lífi en mest hafa þrjú hross drepist í einu.

Það skal tekið fram að ástand þessara mála hefur batnað mjög mikið á síðustu árum. Ástand þessara mála er þó með öllu óviðunandi enda á umferð á 90 km/klst. og búfé á beit litla samleið.

Ég vil koma því að að ég hef verið þeirrar skoðunar að eðlilegt væri að setja um þessa hluti heildarreglur þar sem kveðið er á um þessi mál. Að mínu mati standa hreppsnefndir of nálægt þessum hagsmunum til þess að hægt sé að ætlast til þess að þær setji undantekningarlaust á bann við lausagöngu búfjár innan hverrar sveitar fyrir sig enda hefur slíkt bann verið sett á aðeins í einum sveitarhreppi í þessu lögsagnarumdæmi. Eðlilegra væri að þar kæmu til heildarreglur þar sem ábyrgðinni væri deilt niður á ökutækið og ökumanninn annars vegar og búféð og eiganda þess hins vegar.

Virðingarfyllt,

*Kristján Þorbjörnsson,*  
yfirlögregluþjónn.

**Upplýsingar úr Skagafjarðarsýslu.**

Hvergi virðast vera eins tíðar ákeyrslur á búfé og í Skagafjarðarsýslu. Á árinu 1992 var lögreglu tilkynnt um 12 tilvik þar sem ekið hafði verið á búfé, en 16 árið áður. Ekið var á 5 hross, 11 kindur og einn nautgrip, á móti 19 hrossum og 6 kindum árið 1991. Ákeyrslunum hefur því heldur fækkað samkvæmt þeim upplýsingum er lögreglunni berast. Þó má alltaf gera ráð fyrir að lögreglu sé ekki tilkynnt um allar ákeyrslur á búfé, sérstaklega þegar ekið er á lömb yfir sumarmánuðina.

Á árinu 1992 bárust lögreglunni 73 kvartanir um lausagöngu búfjár á þjóðvegum sýslunnar en 126 árið áður. Er þarna um verulega fækkun að ræða milli árunna sem ber að fagna. Skýringuna er sennilega að finna í frekari afskiptum lögreglu af þessum málum. Haldnir hafa verið fundir með bændum, hreppstjórum, oddvitum, starfsmönnum Vegagerðar og tryggingafélaga og málin rædd. Lögð er rík áhersla á að þar sem girt er beggja vegna vegar skuli vegsvæðið vera „skepnufrítt“.

Þá má geta þess að þrír hreppar í sýslunni hafa bannað lausagöngu stórgripa.

#### Fjöldi kvartana vegna lausagöngu búfjár 1992.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrah.		1		1					1	5	6	2	16
Fljótahr.				1									1
Hofshr.			1							1	1	1	4
Hólahr.													
Lýtingssthr.				1	1								2
Rípurhr.												1	1
Sauóárkr.		1				1	1	2		1			6
Seyluhr.	1		2	1	1		1	1				1	8
Skaróshr.		1					1	2			2		6
Skefilssthr.										1	3		4
Staðahr.	2					1	1	3	1	1	2	1	12
Viðvíkurhr.		1	1		1	1		1		3	3	2	13
Samtals	3	4	4	4	3	3	4	9	2	12	17	8	73

#### Búfé fyrir bifreiðum 1992.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrah.										3			3
Fljótahr.													
Hofshr.							1						1
Hólahr.													
Lýtingssthr.													
Rípurhr.													
Sauóárkr.													
Seyluhr.						1		1			1		3
Skaróshr.											1		1
Skefilssthr.													
Staðahr.								1		1	1		3
Viðvíkurhr.										1			1
Samtals	0	0	0	0	0	1	1	1	1	5	3	0	12

Nr.	Skýrsla nr.	Ökuhraði	Akstursskilyrði	Hvað kom fyrir
01	0 (29.6.)	Ekki vitað	Bjart	Ekið á kind og af vettvangi
02	U-17-92	80	Bjart	Ekið á kind og bifreiðinni velt
03	0 (31.8.)	Ekki vitað	Bjart	Ekið á tvö lömb
04	Y-31-92	Ekki vitað	Bjart	Ekið kind og lamb
05	U-610-92	90–100	Myrkur	Ekið á hest
06	U-32-92	70–80	Rökkur	Ekið á hest og folald
07	U-33-92	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á hest
08	0 (23.10.)	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á tvær kindur
09	U-38-92	60	Myrkur	Ekið á nautgrip
10	0 (3.11.)	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á hross
11	0 (5.11.)	Ekki vitað	Myrkur	Ekið á kind
12	U-39-92	60–70	Myrkur	Ekið á tvær kindur

### Ekið á skepnur í Skagafjarðarsýslu 1992.

Nr.	Dags.	Nr.	Staður	Lýsing óhapps	Meiðsli
1	29.6.	00	Norðurlandsvegur móts við Vatnshlíð	Ekið á kind og af vettvangi	
2	20.7.	17	Siglufjarðarvegur móts við Lónkot	Ekið á kind	Ökumaður
3	31.8.	00	Sauðárkróksbraut við Holtsmúla	Ekið á tvö lömb	
4	7.9.	610	Sauðárkróksbraut við Stóru-Seylu	Ekið á kind og lamb og af vettvangi	
5	4.10.	31	Norðurlandsvegur við Sólheimagerði	Ekið á hest	
6	8.10.	32	Norðurlandsvegur við Sólheimagerði	Ekið á hest og folald	
7	8.10.	33	Norðurlandsvegur við Viðivelli	Ekið á hest	
8	23.10.	00	Siglufjarðarvegur við Narfastaði	Ekið á tvær kindur	
9	30.10.	38	Sauðárkróksbraut við Reynistað	Ekið á nautgrip	
10	3.11.	00	Sauðárkróksbraut við Gil	Ekið á hest	
11	5.11.	00	Sauðárkróksbraut við Ármúla	Ekið á kind	
12	7.11.	39	Norðurlandsvegur vestan Viðimýrarsels	Ekið á tvær kindur	

Fjöldi gripa sem varð fyrir bifreiðum 1992:

Kindur	.....	11
Hross	.....	5
Nautgripir	.....	1
Samtals	.....	16

## Fjöldi kvartana vegna lausagöngu búfjár 1991.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrah.		1	2		1	2		2	4	2	4	2	20
Fljótahr.		2											2
Hofshr.	2												2
Hólahr.													0
Lýtingssthr.		2					1				1	1	5
Rípurhr.		1				2			1				4
Sauðárkr.		6	3			2		1	3			1	16
Seyluhr.	4	2	9	2		1	1	1	2	2	1	7	32
Skaróshr.	2				1		4					3	10
Skefilssthr.													0
Staðarhr.	2	1				3	5	2	2		5	1	21
Viðvíkurhr.		1		2	2	1		1		1	4	2	14
Samtals	10	16	14	4	4	11	11	7	12	5	15	17	126

## Búfé fyrir bifreiðum 1991.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrah.										1			1
Fljótahr.													
Hofshr.						1	1			1			3
Hólahr.													
Lýtingssthr.													
Rípurhr.						1							1
Sauðárkr.													
Seyluhr.	1	1	1					2	1	1		1	8
Skaróshr.		1							1				2
Skefilssthr.													
Staðarhr.											1		1
Viðvíkurhr.													
Samtals	1	2	1	0	0	2	1	2	2	3	1	1	16

Nr.	Skýrsla nr.	Uppgefinn hraði	Akstursskilyrði o.fl.
01	02	30-40	bundið slitlag myrkur skýjað ísing
02	08	90-100	bundið slitlag myrkur skýjað þurrt
03	09	80	bundið slitlag myrkur þoka ísing
04	11	70-80	bundið slitlag myrkur skýjað þurrt ók á eftir bifreið
05	553	50-60	malarvegur rökkur gott veður
06	42	90	bundið slitlag myrkur skýjað þurrt mæting
07	45	100	bundið slitlag myrkur skýjað þurrt
08	47	75-80	bundið slitlag myrkur léttskýjað hálka
09	50	60	bundið slitlag myrkur skýjað hálka mæting

## Ekið á skepnur í Skagafjarðarsýslu 1991.

Nr.	Dags.	Nr.	Staður	Lýsing óhapps	Meiðsli
1	9.1.	02	Sauðárkróksbraut við Grófargil	Ekið á hest	
2	6.2.	08	Norðurlandsvegur um Vallhólma	Ekið á hest	Ökumaður
3	14.2.	09	Sauðárkróksbraut við Kimbastaði	Ekið á tvö hross	Farþegi
4	5.3.	11	Norðurlandsvegur rétt vestan Valadalsár	Ekið á tvö hross	
5	18.6.	00	Sauðárkróksbraut í Hegranesi	Ekið á kind og af vettvangi	
6	28.6.	00	Siglufjarðarvegur, móts við Fell	Ekið á kind og tvö lömb	
7	14.7.	00	Siglufjarðarvegur, móts við Fell	Ekið á lamb og af vettvangi	
8	24.8.	00	Norðurlandsvegur um Vatnsskarð	Ekið á folald og af vettvangi	
9	31.8.	461	Norðurlandsvegur um Vatnsskarð	Ekið á folald	
10	14.9.	553	Skagavegur, brú yfir Gönguskarósa	Ekið á tvö hross	
11	25.9.	00	Sauðárkróksbraut við Seylu	Ekið á hest	
12	11.10.	42	Norðurlandsvegur um Vatnsskarð	Ekið á hest	
13	25.10.	00	Siglufjarðarvegur, móts við Fell	Ekið á lamb og af vettvangi	
14	27.10.	45	Norðurlandsvegur við Silfrastaði	Ekið á hest	
15	17.11.	47	Sauðárkróksbraut við Hafsteinsstaði	Ekið á þrjú hross	
16	12.12.	50	Norðurlandsvegur við Vatnshlíð	Ekið á þrjú hross	

Samantekt: 19 hross í 12 tilvikum

6 kindur í 4 tilvikum

## Fjöldi kvartana vegna lausagöngu búfjár 1990.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrah.	1	1	1		2	1	1	2				1	10
Fljótahr.	1						1						2
Hofshr.		2	3		1			1					7
Hólahr.			2										2
Lýtingssthr.									1		1		2
Rípurhr.					1		1	2	4	4			12
Sauðárkr.	1	4	2	3	2	1	2				1		16
Seyluhr.	4	3	1	4	1		1		1	1	3		19
Skaróshr.	3	3				2				2			11
Skefilsthr.									1				1
Staðarhr.		3	3	2	5		1		1		2		17
Viðvíkurhr.	2	3	2	1	1					4	1	1	15
Samtals	12	19	14	10	13	4	7	5	8	11	9	2	114



## Búfé fyrir bifreiðum 1990.

	jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	alls
Akrah.						1			2				3
Fljótahr.													
Hofsh.		1				1							2
Hólah.													
Lýtingssthr.													
Ripurhr.													
Sauðárkr.													
Seyluhr.									1				1
Skarðsh.	1							1					2
Skefilsthr.													
Staðahr.	1	1	1							1		1	5
Viðvíkurhr.										1			1
Samtals	2	2	1	0	0	2	0	1	3	2	0	1	14

## Nr. Uppgefinn hraði

10	60–70 km	myrkur
14	70–80 km	myrkur
34	50 km	dagsbirta
59	70–80 km	myrkur
64	50 km	myrkur
72	60 km	myrkur

## Ekið á skepnur í Skagafjarðarsýslu 1990.

Nr.	Dags.	Nr.	Staður	Lýsing óhapps
1	15.1.	00	Reykjaströnd, mót við bæinn Stein	Hestur fyrir bifreið
2	25.1.	10	Sauðárkróksbraut við Gígjarhól	Hestur fyrir vöruflutningabifreið
3	4.2.	00	Siglufjarðarvegur við Ósland	Hestur fyrir jeppabifreið
4	16.2.	14	Sauðárkróksbraut við Litlu-Gröf	Hestur fyrir jeppabifreið
5	18.3.	00	Sauðárkróksbraut við Reynistað	Hestur fyrir jeppabifreið
6	8.6.	217	Siglufjarðarvegur við Grafargerði	Tvö lömb fyrir bifreið
7	28.6.	34	Norðurlandsvegur við Grjótá á Öxnadalshéiði	Kind fyrir bifreið
8	3.8.	00	Skagavegur við Veðramót, Skarðshreppi	Tvö lömb fyrir bifreið
9	2.9.	00	Norðurlandsvegur á Öxnadalshéiði (Grjótá)	Hestur fyrir bifreið
10	12.9.	59	Norðurlandsvegur norðan Dalsár í Akrah.	Fjögur hross fyrir jeppabifreið
11	25.9.	61	Norðurlandsvegur við Vatnshlíð	Hestur fyrir bifreið
12	8.10.	64	Siglufjarðarvegur við Kýrholt	Hestur fyrir bifreið
13	9.10.	65	Sauðárkróksbraut við Holtsmúla	Tvær kindur fyrir bifreið
14	28.12.	72	Sauðárkróksbraut við Út-Vík	Hestur fyrir bifreið

Samantekt: 13 hross í 10 ákeyslum  
 7 kindur í 4 ákeyslum  
 Engin slys á fólki

**Fylgiskjal IV.**

**Samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald  
og bann eða takmörkun á lausagöngu búfjár.  
(Samantekt 27. janúar 1998.)**

**I.**

**Samþykktir um búfjárhald, sbr. 3. gr. laga um  
búfjárhald nr. 46/1991, staðfestar af landbúnaðarráðuneytinu.**

	Samþykkt nr.	
Vatnsleysustrandarhreppur .....	255/1992	22.06.92
Grundarfjörður/Eyrarsveit .....	262/1992	25.06.92
Hofshreppur .....	302/1992	12.08.92
Kópavogur .....	329/1992	26.08.92
Eskifjörður .....	337/1992	04.09.92
Patrekshreppur .....	427/1992	30.11.92
Hvolhreppur .....	035/1993	20.01.93
Höfn .....	125/1993	16.03.93
Bíldudalshreppur .....	446/1993	25.10.93
Stokkseyrarhreppur .....	477/1993	18.11.93
Húsavík .....	577/1993	23.12.93
Bessastaðahreppur .....	031/1994	14.01.94
Ólafsfjörður .....	173/1995	13.03.95
Dalvík .....	377/1995	27.06.95
Siglufjörður .....	657/1997	20.11.97

**II.**

**Samþykktir um bann við lausagöngu búfjár  
skv. 5. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.  
Auglýstar í Lögbirtingablaðinu.**

Ölfushreppur, Árnessýslu .....	01.11.1991
<i>Bann við lausagöngu stórgripa.</i>	
Hörðudalshreppur, Dalasýslu .....	01.12.1991
<i>Bann við lausagöngu stórgripa.</i>	
Eyrbakkahreppur, Árnessýslu .....	01.12.1991
<i>Bann við lausagöngu stórgripa.</i>	
Öxarfjarðarhreppur .....	03.12.1991
<i>Bann við lausagöngu hrossa og nautgripa.</i>	
Eyjafjarðarsveit, Eyjafjarðarsýslu .....	01.01.1992
<i>Bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum þjóðbrauta og stofnbrauta. Frestað ótímabundið gildistöku á vegsvæði Sölvadalshreppar.</i>	
Hofshreppur, Skagafirði .....	20.01.1992
<i>Bann við lausagöngu hrossa og nautgripa á og við Siglufjarðarveg frá hreppamörkum Hólahrepps að bænum Vatni á Höfðaströnd.</i>	

Lýtingsstaðahreppur, Skagafirði . . . . .	29.01.1992
<i>Bann við lausagöngu stórgripa með vegi 752 frá Krithóli að Jökulsárbrú.</i>	
Svalbarðsstrandahreppur, N-Þing. . . . .	01.04.1992
<i>Bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum þjóðbrauta innan fjallagirðinga.</i>	
Barðastrandahreppur, V-Barð. . . . .	01.05.1992
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Austur-Eyjafjallahreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	01.05.1992
<i>Bann við lausagöngu sauðfjár og nautgripa á þjóðvegi 1. Áfram í gildi bann við lausagöngu hrossa á þjóðvegum.</i>	
Breiðdalshreppur, S-Múl. . . . .	01.06.1992
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Suðurdalahreppur, Dalasýslu . . . . .	01.07.1992
<i>Bann við lausagöngu stórgripa.</i>	
Hvammstangahreppur, V-Hún. . . . .	01.03.1993
<i>Bann við lausagöngu búfjár á vegum í hreppnum, þ.e. þjóðvegi nr. 72, Hvammstangavegi, þjóðvegi nr. 771, Vatnsnesvegi og innan fjárheldrar girðingar samkvæmt reglugerð um búfjárhald á Hvammstanga frá 10. nóvember 1981.</i>	
Vopnafjarðahreppur, N-Múl. . . . .	01.06.1994
<i>Bann við lausagöngu hrossa. Frestað gildistöku til 1. október 1994.</i>	
Hólmavíkurhreppur, Strandasýslu . . . . .	06.09.1995
<i>Bann við lausagöngu hrossa á tímabilinu 1. október til 30. apríl.</i>	
Skógarstrandahreppur, Snæf.- og Hnappadalssýslu . . . . .	10.10.1995
<i>Bann við lausagöngu hrossa á eftirtöldum jörðum: Narfeyri, Ytra-Leiti, Stóra-Langadal, Klettakoti, Haukabrekku, Klungurbrekku og Ósi</i>	
Dalabyggð, Dalasýslu. . . . .	05.01.1995
<i>Bann við lausagöngu stórgripa á vegsvæðum stofnbrauta og þjóðbrauta frá 1. júní 1995 og alla lausagöngu stórgripa 1. október 1996. Eigendum og umráða mönnum er skylt að hafa þá í vörslu allt árið innan gripheldrar girðingar. Bann við lausagöngu geita frá 1. janúar 1995.</i>	
Aðaldælahreppur, S-Þing. . . . .	04.07.1996
<i>Bann við lausagöngu hrossa og nautgripa allt árið</i>	
Skeggjastaðahreppur, N-Múl. . . . .	26.02.1997
<i>Bann við lausagöngu hrossa og nautgripa. Skulu gripir vera í girðingum eða annarri öruggri vörslu.</i>	
Reykholahreppur, V-Barð. . . . .	09.10.1997
<i>Bann við lausagöngu alls búfjár þ.m.t. hrossa og nautgripa í þeim hluta Reykhólahrepps sem er fyrrum Múlahreppur og hins vegar bann við lausagöngu nautgripa og hrossa í öðrum hlutum hreppsins.</i>	
Skorradalshreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	26.11.1997
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	

## III.

Samþykktir um bann eða takmörkun á lausagöngu hrossa  
skv. 38. gr. búfjárræktarlaga nr. 31/1973 (nú 5. gr. laga nr. 46/1991).  
Auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

	Tók gildi
Leirár- og Melahreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	31.05.1974
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
<i>Bannið ítrekað með auglýsingu 14. október 1987.</i>	
Vallahreppur, S-Múl. . . . .	01.05.1983
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Borgarfjarðarhreppur, N-Múl. . . . .	31.07.1983
<i>Bann við lausagöngu hrossa í Borgarfirði og Njarðvík.</i>	
Grýtubakkahreppur, S-Þing. . . . .	24.10.1984
<i>Bann við lausagöngu hrossa á tímabilinu 15. október til 31. maí ár hvert.</i>	
Hraunhreppur, Mýrasýslu . . . . .	01.01.1986
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Nesjahreppur, A-Skaft. . . . .	18.03.1986
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Skilmannahreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	06.11.1986
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Hjaltastaðahreppur, S-Múl. . . . .	1986
<i>Samþ. í febrúar. Augl. í Lögbirtingablaði, mars – apríl.</i>	
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Innri-Akraneshreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	14.01.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Eyjahreppur, Snæfellsnessýslu . . . . .	28.01.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Reykholtsahreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	04.02.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Andakílshreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	01.01.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Austur-Eyjafjallahreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Vestur-Eyjafjallahreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Ásahreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Fljótshlíðarhreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Hvolhreppur, Rangárvallasýslu. . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Rangárvallahreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Borgarneshreppur, Mýrasýslu . . . . .	01.06.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	

Norður-Ísafjarðarsýsla . . . . .	26.06.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa í öllum hreppum.</i>	
Nauteyrahreppur, tímabundið aflétt bann 1. apríl til 1. ágúst 1994 á svæði sem liggur á milli Langadalsár í Langadal og sauðfjár- veikivarnargirðingar í Ísafirði . . . . .	18.05.1994
Vestur-Ísafjarðarsýsla . . . . .	01.07.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa í öllum hreppnum.</i>	
Reykholahreppur, A-Barð. . . . .	18.12.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Kjalarneshreppur, Kjósarsýslu . . . . .	13.06.1988
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Svarfaðardalshreppur, Eyjafjarðarsýslu <i>Bann við lausagöngu stórgripa 2. ágúst 1989 til 10. júní 1990.</i>	
Skarðshreppur, Skagafjarðarsýslu . . . . .	01.02.1990
<i>Bann við lausagöngu hrossa. Bann við lausagöngu búfjár með vegum þar sem Vegagerðin hefur girt.</i>	
Hvalfjarðarstrandarhreppur, Borgarfjarðarsýslu . . . . .	09.03.1990
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Kjósarhreppur, Kjósarsýslu . . . . .	09.05.1990
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Mýrahreppur, A-Skaft. . . . .	01.07.1990
<i>Bann við lausagöngu hrossa og nautgripa.</i>	
Reykjahreppur, S-Þing . . . . .	25.01.1991
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
Kelduneshreppur, N-Þing. . . . .	08.02.1991
<i>Bann við lausagöngu hrossa og nautgripa.</i>	
Miklaholtshreppur, Hnappadalssýslu . . . . .	01.05.1991
<i>Bann við lausagöngu nautgripa.</i>	
<i>Áfram í gildi bann við lausagöngu hrossa.</i>	

**Eftirtalin sveitarfélög hafa aflétt  
fyrra banni við lausagöngu búfjár.**

Engihlíðarhreppur, A-Hún. . . . .	01.09.1992
<i>Bann við lausagöngu stórgripa á vegum í hreppnum, Þjóðvegi 1, Norðurlandsvegi 74, Skagastrandarvegi 741, Neðribyggðarvegi og Mýrarvegi 742 að ristarhliði ofan Neðrimýrar.</i>	
<b>Banni aflétt 29.06.1994.</b>	
Torfalækjarhreppur, A-Hún. . . . .	16.04.1993
<i>Bann við lausagöngu stórgripa, Þjóðvegur nr. 1, Svínvetninga- braut nr. 731, Reykjabraut nr. 724, frá Þjóðvegi nr. 1 um Orrastaðaflóa að Fremri Laxárbrú og Miðásavegi nr. 725, frá Þjóðvegi nr. 1 að brú á Torfalæk við Meðalheim.</i>	
<b>Banni aflétt 13.08.1996.</b>	
Djúpárhreppur, Rangárvallasýslu . . . . .	22.05.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
<b>Banni aflétt 18.03.1994.</b>	

Stafholtstungnahreppur, Mýrasýslu .....	01.10.1987
<i>Bann við lausagöngu hrossa.</i>	
<b>Banni aflétt 18.04.1994.</b>	
Fáskrúðsfjarðarhreppur, S-Múl.	
<b>Banni aflétt 20.05.1994.</b>	

## IV.

**Eldri samþykktir/reglugerðir sveitarfélaga um búfjárhald í kaupstöðum og kaптúnunum sem staðfestar voru af félagsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 44/1964.**

Neskaupstaður .....	Reglugerð nr.	065/1966
Vestmannaeyjar .....	Samþykkt nr.	238/1974
Hveragerði .....	Reglugerð nr.	310/1975
Stykkishólmur .....	Reglugerð nr.	258/1979
Borgarnes .....	Reglugerð nr.	509/1979
Sauðárkrókur .....	Reglugerð nr.	581/1981
Hvammstangi .....	Reglugerð nr.	675/1981
Þingeyrarhreppur .....	Reglugerð nr.	240/1982
Bolungarvík .....	Reglugerð nr.	474/1982
Hafnarfjörður .....	Reglugerð nr.	596/1982
Reyðarfjörður .....	Reglugerð nr.	037/1983
Höfðahreppur .....	Reglugerð nr.	730/1983
Garðabær .....	Reglugerð nr.	498/1983
Ísafjörður .....	Reglugerð nr.	349/1984
Akranes .....	Reglugerð nr.	473/1984
Eyrbakki .....	Reglugerð nr.	425/1985
Reykjavík .....	Samþykkt nr.	461/1986
Þorlákshöfn .....	Reglugerð nr.	035/1988
Mosfellsbær .....	Samþykkt nr.	276/1988
Neshreppur utan ennis .....	Samþykkt nr.	217/1989
Búðahreppur .....	Samþykkt nr.	455/1989
Akureyri .....	Samþykkt nr.	129/1990
Ólafsvík .....	Samþykkt nr.	343/1990
Súðavíkurreppur .....	Samþykkt nr.	379/1990
Selfoss .....	Lögreglusamþykkt frá 5. sept. 1989 þar sem fram kemur bann við lausagöngu búfjár.	

Fylgiskjal V.

**Skýrsla nefndar um búfé á vegsvæðum.**  
(Desember 1989.)

**1. YFIRLIT UM STÖRF NEFNDARINNAR**

Nefnd sú er landbúnaðarráðherra skipaði 25. janúar 1989 og hafði það hlutverk,

*„að kanna til hvaða ráðstafana unnt sé að grípa í því skyni að minnka umferð vörsluáuss búfjár á þjóðvegum og í nánd við þá, einkum í og út frá þéttbýlis-  
svæðum og gera tillögur til úrbóta“.*

hefur lokið störfum og skilar hér með álit sínu og tillögum.

Í nefndinni voru:

Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri hjá Vegagerð ríkisins, dr. Ólafur R. Dýrmondsson, landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands, Óli H. Þórðarson, framkvæmdastjóri Umferðarráðs, Stefán Tryggvason, bóndi, Skrauthólum, Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri og Níels Árni Lund, deildarstjóri, landbúnaðarráðuneytinu, sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Nefndin kom saman til fyrsta fundar 13. febrúar og hélt samtals 15 bókaða fundi.

Hún ákvað þegar í upphafi starfsins að leita sem víðtækastra upplýsinga sem að notum gætu komið við nefndarstarfið. Nefna má eftirtalin gögn sem aflað var og fjallað hefur verið um:

- a) Vegalög, búfjarræktarlög, girðingarlög og jarðræktarlög, auk þess frumvörp, reglugerðir og ályktanir, m.a. frá Búnaðarþingi 1989 og aðalfundi Stéttarsambands bænda 1989.
- b) Upplýsingar frá lögreglustjórum og sýslumönnum um umferðarslys s.l. þrjú ár þar sem búfé hefur komið við sögu.
- c) Kort yfir umferðarmestu vegi og kort með vegagirðingum.
- d) Yfirlit um sveitarfélög sem hafa sett reglur um búfjárhald.
- e) Yfirlit um sveitarfélög þar sem lausaganga hrossa er bönnuð.
- f) Hæstaréttardóma, undirréttardóma og lögfræðileg álit.
- g) Upplýsingar frá tryggingafélagunum um bætur vegna búfjár sem ekið hefur verið á s.l. þrjú ár og til eru skýrslur um.
- h) Hugmyndir að nýjum viðvörðunarkerkjum í umferðinni vegna búfjár.
- i) Bréf frá einstaklingum.

Tryggingafélagum og sýslumannsembættum voru send bréf þar sem beðið var um ákveðnar upplýsingar. Eftirtektarvert var, að nær allir aðilar sem leitað var til svöruðu nefndinni auk þess sem margir komu með gagnlegar ábendingar til viðbótar þeim sem óskað var eftir.

Í vor sendi nefndin frá sér yfirlit um störf sín, m.a. til lögreglustjóra, stjórna Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, Umferðarráðs, tryggingafélaganna og Landgræðslu ríkisins. Óskað var viðbragða frá þessum aðilum um þær hugmyndir sem nefndin hafði þá viðrað.

Í framhaldi af þessu sendu tveir sýslumenn gagnlegar ábendingar.

Stéttarsamband bænda fjallaði ítarlega um málið á aðalfundi sínum á Hvanneyri og ályktaði um það.

Þá var málið rætt á samstarfsvettvangi tryggingafélaganna og í framhaldi af því kom Logi Guðbrandsson hrl. fyrir hönd þeirra tvívegis á fund nefndarinnar og skýrði veigamikil atriði varðandi bótaskyldu tryggingafélaganna og umferðarrétt. Ábendingar hans komu að góðum notum við nefndarstarfið.

Að síðustu skal þess getið að nefndin ferðaðist einn dag um Suður- og Suðvesturland til að skoða girðingar með vegum til að meta hvort og hvemig þær koma að notum til að halda búfé frá þeim.

Málið í heild er ákaflega margþætt og erfitt að finna á því eina raunhæfa heildarlausn.

Nefndin leggur hér með fram álit sitt og tillögur ásamt greinargerðum.

Það er von nefndarinnar að niðurstöður hennar verði sem fyrst nýttar til aðgerða er dragi úr þeim mörgu og alvarlegu umferðarslysum sem rekja má til búfjár á vegum landsins.



## 2. UM BÚFJÁRRÆKTARLÖG -bann við lausagöngu stórgripa.

Hrossum landsmanna hefur fjölgað á undanförmum árum. Víða eru þau í vörslu allt árið og mikið hefur dregið úr hrossabeit á afréttum. Töluvert er samt um að hross séu í lausagöngu í heimahögum og eiga þá oft greiðan aðgang að þjóðvegum.

Staðfestar skýrslur sýna að alvarlegustu umferðarslysini þar sem búfé á hlut að máli er árekstur ökutækis og hrossa.

Í skýrslum frá lögreglustjóraembættum er getið um 130 umferðarslys á árunum 1986 - 1988, þar sem ekið hefur verið á hross og lögregla kölluð á vettvang. Óhætt er að full-yrða að töluvert fleiri óhöpp hafi orðið þar sem lögreglan er ekki alltaf kölluð á staðinn og skýrslur því ekki gerðar.

Slys hafa orðið á mönnum, ökutæki stórskemmt eða eyðilagst og gripir drepist.

Bótakröfur eru miklar og í flestum tilvikum eru bifreiðareigendur gerðir ábyrgir.

Hvað nautgripa varðar eru þeir nær undantekningarlaust í vörslu allt árið og slys af þeirra völdum eru mjög sjaldgæf. Nefndin telur hinsvegar að með tilliti til búskaparhátta sé eðlilegt að um þá gildi sömu reglur og um hross.

Mun auðveldara og ódýrara er að girða gripaheldu girðingu fyrir hross og nautgripa en fyrir sauðfé.

Með hliðsjón af ofangreindu leggur nefndin til að eigendum eða umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið, þ.e. að koma í veg fyrir lausagöngu þeirra.

Þetta verði gert með svofelldri lagabreytingu:

Við XI. kafla búfjártæktarlaga nr. 31/1973 bættist tvær nýjar greinar, er verði 64. gr. a, og 64. gr. b, svohljóðandi:

### 64.a.

*Sveitarstjórnnum er heimilt, til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að forða ágangi búfjár, að ákveða að eigendum sauðfjár og geita sé skylt að hafa fénaðinn í vörslu allt árið eða tiltekinn hluta ársins. Heimild þessi getur jafnt tekið til alls lögsagnarumdæmis viðkomandi sveitarstjórnar eða afmarkaðs hluta þess, svo sem umhverfis þéttbýli eða fjölfarna vegi.*

### 64.b.

*Til þess að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og að forða ágangi búfjár, er eigendum nautgripa og hrossa skylt að hafa gripina í vörslu allt árið.*

Lagt er til að lög þessi öðlist gildi 1. janúar 1991. Jafnframt verði þá felld úr gildi lög nr. 57/1989.

Athygli er vakin á því að gr. 64 a er samhljóða 1. gr. laga nr. 57/1989 að því undanskildu að ekki er gert ráð fyrir að heimildarákvæðið nái nú til nautgripa og hrossa þar sem lagt er til að lausaganga þeirra verði algerlega bönnuð sbr. gr. 64 b.

Til álita kom í nefndarstarfinu að leggja til að bætt yrði við grein 64 b. að undanskilin yrðu stóðhross á afréttum. Nefndin taldi þó réttara að ganga enn lengra þar sem fyrir

liggur að hross á nokkrum afréttum, einkum Norðvestanlands, valda verulegri hættu í umferðinni. Í því sambandi er þó e.t.v. rétt að könnuð verði réttarstaða bænda og annarra búfjáreigenda gagnvart framangreindri lagabreytingu m.t.t. eignar- og atvinnuréttinda.

Á það skal bent, að í gildandi löggjöf eru ekki almenn ákvæði um bann við lausagöngu búfjár. Í búfjárræktarlögum nr.31/1973, 38.gr. var heimild fyrir sveitarstjórnir til að takmarka lausagöngu hrossa og með lögum nr. 57/1989 var aukið við þessa heimild og nær hún nú til alls búfjár, þ.e. sauðfjár, geita, nautgripa og hrossa. Í gildi eru einnig lög nr. 44/1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupþúnum. Þau lög heimila sveitarstjórnir í kaupstað eða kaupþúni að banna með reglugerð tiltekið búfjárhald eða takmarka það.

Fjölmargar sveitarstjórnir hafa notfært sér framangreindar heimildir til takmörkunar á búfjárhaldi, en samræmingu skortir og framkvæmd reglnanna er ekki alls staðar sem skyldi. Hér er því lagt til, að eigendum stórgripa, þ.e. nautgripa og hrossa, verði gert skylt að hafa þá í vörslu allt árið, en áfram verði í gildi ákvæði, sem heimili sveitarstjórn-um að takmarka eða banna lausagöngu annars búfjár.

Er þá til þess að líta, að tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár og bann við lausagöngu hrossa er nú mun víðar í gildi bæði í afréttum og heimalöndum, heldur en bann við lausagöngu sauðfjár. Þykir nefndinni því tímabært að stíga það skref að banna alla lausagöngu stórgripa með lögum.

Í nefndarstarfinu kom einnig fram að líklegt þykir að eigendum nautgripa og hrossa verði eftir þá lagabreytingu sem hér er gerð tillaga um, síður dæmdar bætur fyrir þá gripi sem eiga að vera í vörslu. Hæstaréttardómur hefur gengið þar sem um ótvíræða lausagöngu búfjár var að ræða, HRD: 1988 bls. 1130. Í dómsorði var búfjáreigandi sýknaður enda kom fram að ekki var í gildi ákvæði sem bannaði lausagöngu búfjár á slyssað. Hins vegar var gefið í skyn í forsendum dómsins að dómur kynni að hafa fallið á annan veg ef svo hefði verið.

#### Sérálit:

Ólafur R. Dýrmondsson gerir eftirfarandi fyrirvara við tillögu nefndarinnar um algert bann við lausagöngu nautgripa og hrossa.

1. Tryggt verði, áður en til lagabreytinga kemur, að Vegagerð ríkisins geti hindrað frjálsta för stórgripa á þjóðvegi þar sem þess gerist þörf, annað hvort með vegagirðingum eða með uppsetningu hólfa til að halda gripum frá vegunum, í samráði við bændur og sveitarstjórnir. Í þessu sambandi er lagt til að ákvæði 9. gr. girðingarlaga nr. 10/1965 um girðingar með vegum verði rýmkuð þannig að þau taki til allra heimalanda, girtra sem ógirtra, og í stað vegagirðinga verði heimilt að hindra frjálsta för búfjár á vegi með uppsetningu girðingarhólfa.
2. Tryggt verði, áður en til lagabreytinga kemur, að bændur eigi þess kost að kaupa hentugar ábyrgðatryggingar með viðunandi kjörum fyrir búfé sitt vegna þess tjóns sem það kann að valda í umferðinni, þrátt fyrir lausagöngubann.

### 3. UM UMFERÐARLÖG

Þegar bótakröfur berast til tryggingafélaga vegna búfjár sem ferst í umferðinni eru bætur fyrir sauðfé í langflestum tilvikum greiddar athugasemdalaust eftir mati sem Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir tillögu um. Bætur fyrir stórgripi eru ákveðnar eftir mati hverju sinni. Í reynd eru það tryggingafélögin sem úrskurða í hverju slíku máli og í fæstum tilvikum er höfðað mál til þess að fá úrskurði breytt. Bifreiðareigandinn ber tjónið.

Þrátt fyrir heimildir í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að lækka megi eða fella niður bætur fyrir muni ef sá sem fyrir tjóni varð, var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, virðist sem tryggingafélögin sjái sér ekki hag í að láta reyna á þetta ákvæði þegar búfé á í hlut.

Samkvæmt lögregluskýrslum fórust um 320 kindur og 130 hross í umferðinni á árunum 1986 - 1988. Ætla má að í þessum 450 slysum hafi bónusmissir bifreiðareigenda numið verulegum fjárhæðum og með tilliti til þess má ætla að tryggingafélögin nái inn með hærrí iðgjöldum svipaðri upphæð og þau greiða í bætur fyrir búfé.

Í lögregluskýrslum kemur fram að oft eru bifreiðir stórskemmdar eða ónýtar eftir slík umferðaróhöpp einkum þegar hross eiga í hlut.

Við árekstur ökutækis og búfjár ber eigandi bifreiðarinnar í langflestum tilvikum tjón á ökutæki. Ábyrgðartrygging bifreiðar greiðir bætur fyrir búféð og eigandi bifreiðarinnar missir bónusrétt. Ekki eru fánlegar upplýsingar um kostnað bifreiðareigenda vegna þessara tjóna en áætla má að hann nemi tugmilljónum króna árlega.

Reynslan sýnir, að oft fer ökumaður af vettvangi eftir að hafa ekið á búfé án þess að gera vart við sig. Hann telur sig réttlausan og þar af leiðandi skaðabótaskyldan hverjar sem aðstæðurnar eru. Honum finnst nóg að bæta tjón á bifreið sinni og vill ekki missa bónusrétt til viðbótar.

Í þeim tilvikum þegar ekki fæst upplýst hver valdur er að ákeyrslu, bæta búfjártryggingar bændu (brunatrygging) búfé sem ferst í umferðinni. Samkvæmt upplýsingum tryggingafélaga hefur slíkum bótagreiðslum fjölgað á síðustu árum.

Þá er rétt að taka fram að í fjölmörgum tilvikum greiða ökumenn búfjáreigandanum bætur „á staðnum“ án þess að lögregla sé kölluð á vettvang eða atburður tilkynntur tryggingafélagi. Um slíkt eru að sjálfsgöðu ekki til neinar skýrslur.

Hæstaréttardómar um árekstur ökutækis og búfjár eru fáir og fjalla í flestum tilvikum um búfé í rekstri. Í þeim dómum er sök oftast en ekki skipt milli bifreiðareiganda og búfjáreiganda, en í 78. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er fjallað sérstaklega um rekstur búfjár.

Nefndin fjallaði ítarlega um þessi atriði og komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að gera búfjáreigendur betur meðvitaða um ábyrgð sína, með það að markmiði að þeir gættu bústofns síns betur og legðu meiri áherslu á en nú að halda honum frá helstu umferðaræðum. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að gera bifreiðareigendum enn betur ljósan rétt sinn og veita tryggingarfélögum þannig aðhald við uppgjör tjóna.

Meirihluti nefndarinnar, þeir Gunnar, Niels, Óli og Sveinn, leggur því til að gerðar verði breytingar á umferðarlögum sem rýmka heimildir til bótaskiptingar þegar búfé á hlut að umferðaróhappi, þannig að þeir sem fyrir tjóni verða vegna lausagöngu búfjár á vegsvæðum eigi möguleika á að fá tjón sitt bætt.

Tillaga meirihluta nefndarinnar er að gerðar verði svofelldar breytingar á umferðarlögum nr. 50, 30. mars 1987.

Við 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. svohljóðandi:

*Ef tjón hlýst af árekstri skráningarskylds vélknúins ökutækis og búfjár skiptist tjónið að tilölu við sök þeirra sem hlut eiga að máli.*

*Meirihluti nefndarinnar telur jafnframt að forsenda fyrir þessari lagabreytingu sé að búfjáreigendur eigi kost á ábyrgðartryggingu sem greiði kostnað búfjáreigenda þegar búfé í eigu þeirra veldur sannanlegu tjóni.*

*Rétt er að ítreka að í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru heimildir til lækkunar bóta fyrir búfé þar sem það telst til muna. Svo sem að framan er getið eru fá dæmi um að því ákvæði hafi verið beitt og því telur meirihluti nefndarinnar nauðsynlegt að þessi laga-breyting verði gerð.*

*Minnihluti nefndarinnar, Ólafur og Stefán telja framangreinda breytingu á umferðarlögum óþarfa, enda leiðir tillaga nefndarinnar um viðtækt lausagöngubann stórgripa, auk beitingar heimilda sem þegar eru í lögum, til þess að fyrir hendi verða í stórauðnum mæli forsendur til að skipta sök samkvæmt 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og almennu sakarmati. Með því fá búfjáreigendur þá hvatningu sem leitað er eftir til að halda búfé (einkum stórgripum) frá vegum þar sem þeir eiga yfir höfði sér að bera bæði tjón og verða bótaskyldir. Hins vegar er ljóst að tryggja þarf að mat fari fram hverju sinni og verður ekki séð að það verði óþurvís gert en með kynningu, þannig að bæði bifreiðareigendum og búfjárhöldurum verði ljós réttindi sín og skyldur.*

#### 4. UM LAUSAGÖNGU SAUÐFJÁR

Hér að framan hefur nefndin gert grein fyrir veigamiklum tillögum um lagabreytingar sem leiddu til þess að eigendum stórgripa væri skylt að hafa þá í vörslu allt árið og að ábyrgð búfjáreigenda væri aukin þegar búfé á hlut að umferðaróhappi. Að mati nefndarinnar myndi þetta hvort tveggja verða til þess að draga verulega úr ágangi búfjár á vegsvæði.

Auk þessa hefur nefndin rætt fjölmarga aðra möguleika, og þá einkum er varða sauðfé sérstaklega, sem kæmu í veg fyrir að það ætti greiðan aðgang að helstu umferðaræðum.

Mikil og vaxandi umræða er í þjóðfélaginu um að allt sauðfé skuli vera í vörslu eigenda allt árið. Að mati nefndarinnar gætir oft vanþekkingar í þeim málflutningi.

Það er álit nefndarinnar að algjört bann við lausagöngu sauðfjár sé óraunhæft eins og málum er háttað í dag, og ekki tímabært að gera um það tillögu, enda verði slíku banni ekki komið á nema í áföngum.

Hins vegar hefur marg oft komið fram í starfi nefndarinnar sú hugmynd að skipta landinu í svæði með það fyrir augum að takmarka eða banna lausagöngu sauðfjár þar sem umferðarþunginn er mestur og slysin tíðust. Nefndin er sammála um að slíkt þurfi að kanna vandlega en telur það verkefni svo viðamiklegt að því þurfi að sinna sérstaklega.

Nefndin leggur því til að skipuð verði sérstök nefnd sem hafi það hlutverk, að meta hvort, hvar og hvenær, unnt sé að koma á vörsluskyldu sauðfjár. Nauðsynlegt er að þar verði leitað álits sveitarstjórna á hverjum stað, Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, Vegagerðar ríkisins, samtaka bænda, Náttúruverndarráðs, sýslumannsembættta og fleiri aðila.

Nefndin telur nauðsynlegt að niðurstaða fái st í þessa umræðu til að lausn finnist á því vandamáli sem lausaganga sauðfjár með þjóðvegum er.

Meðal atriða sem slík nefnd þyrfti að kanna væri:

- er almenn bann við lausagöngu sauðfjár raunhæfur möguleiki?
- hve langan tíma tekur að koma slíku banni á t.d. 5, 10, 15 ár?
- hvar á landinu er hægt að koma því við, eftir t.d. 2 ár, 5 ár, 8 ár eða 10 ár?
- hvernig er hagkvæmast og eðlilegast að skipta landinu niður í þau svæði sem lausagöngubann tæki til?
- hvernig verður best og hagkvæmast staðið að girðingum?
- hverjir eiga að kosta uppsetningu girðinga og viðhald þeirra?

## 5. UM GIRÐINGAR

Mikið hefur verið rætt og ályktað um „girðingar með fjölförnustu vegum“ eins og svo oft er komist að orði. Nefndin fjallaði ítarlega um þetta atriði.

Staðreyndin er að mjög erfitt er að segja nákvæmlega til um hvar girða skuli meðfram vegum og hvar ekki og víða koma girðingar ekki að notum til að halda búfé frá vegsvæðum.

Þá kemur einnig í ljós, m.a. í skýrslum um umferðarslys, að þau verða hvort heldur sem girt hefur verið meðfram vegi eða ekki og eins á vegum þar sem umferð er svo lítil að ekki kemur til álita að afmarka hann með girðingu. Hins vegar er ljóst að slysatíðni er meiri þar sem umferð er mikil og búfénaður sækir á veginn.

Í dag gildir nær undantekningarlaust sú regla skv. girðingarlögum að Vegagerð ríkisins girðir því aðeins að vegur sé lagður um girt heimalönd.

Þá er rétt að undirstrika að slíkar girðingar eru einungis hugsaðar til að loka viðkomandi löndum, en ekki til að friða veginn fyrir búfé. Þetta þýðir í raun að Vegagerðin telur sér ekki skylt að girða með vegi þar sem ekki var afgirt svæði fyrir, eða löndum lokað með girðingum, enda þótt búfé eigi greiðan aðgang eftir sem áður að veginum.

Af þessu leiðir að víða eru eyður í annars samfelldum girðingum með fjölförnum vegum sem enginn telur sig þurfa að loka. Einnig er víða vanrækt að loka hliðum. Búfé á því greiðan aðgang inn í girðingaraðirnar og skapar þar mikla hættu, jafnvel meiri en ef vegurinn væri ógirtur.

Nauðsynlegt er því að girðing sé samfelld ef sá kostur er valinn að girða með fjölförnum vegum. Það má gera með því að loka eyðum, girða í náttúrulegar hindranir, setja upp ristarlið eða girða í „trekt“ og sjá fyrir gæslu eins og gert er þar sem höfuðborgargirðingin liggur að Suðurlandsvegi.

Ljóst er að girðingar eru mjög dýrar, svo og viðhald þeirra. Spurningin er því hverjir skulu bera kostnaðinn. Nú greiðir Vegagerðin kostnað við uppsetningu girðinga þegar vegur er lagður um afgirt lönd en landeiganda ber að sjá um viðhald þeirra. Á þessu er misbrestur.

Nefndin fór í kynnisferð um Suður- og Suðvesturland og kynnti sér girðingar með vegum, ástand þeirra, legu og notagildi.

Berlega kom í ljós að ástand girðinga er mismunandi. Sumar þeirra verður að telja ónýtar með öllu og til lýta í umhverfinu en víða eru líka ágætir girðingar. Sömu sögu er að segja um hlið á heimreiðum. Víða er þeim lokað með ágætum ristarliðum, en á mörgum stöðum skortir ristarlið eða þau eru í slæmu ástandi.

Í ferðinni mátti einnig sjá nýja girðingu sem Vegagerðin hefur girt meðfram vegi. Hún tengdist í hvorugan endann öðrum fjárheldum girðingum heldur stóð ein og sér eins og veggur með veginum, enda ekki girt með það að markmiði að varna búfé aðgangi að honum.

Girðingamálin eru því margslungin og engin ein heildarlausn til nema ærinn tilkostnaður fylgi sem nefndin treystir sér ekki til að mæla með.

Nefndin vill þó koma eftirfarandi skoðunum á framfæri:

Ef ákveðið verður að girða af fjölförnustu vegi, ber fyrst og fremst að hafa í huga eftirtalda vegi:

Reykjanesbraut frá Krísuvíkurvegi að Vogum, Vesturlandsveg frá höfuðborgargirðingu við Tíðaskarð og fyrir Hvalfjörð að Borgarfjarðarbrú, Suðurlandsveg frá Helliðshéiði að Hvolsvelli. Auk þess vegi við ýmsa þéttbýlisstaði annars staðar á landinu s.s. út frá Akranesi, Borgarnesi, Blönduósi, Sauðárkróki, Akureyri, Húsavík, Egilsstöðum og Höfn.

Áður en girðingar verði ákveðnar verði kannað til þrautar hvort unnt sé að girða af hólfi fyrir búfé á þessum svæðum og spara þannig vegagirðingar að hluta eða að öllu leyti, t.d. á Reykjanesssvæðinu. Nefndin telur þetta vænlegri kost meðal annars með tilliti til umhverfissjónarmiða.

Á þeim svæðum þar sem Vegagerð ríkisins ber skylda til að loka landi að vegi skal henni falið að meta hvort ekki sé hagkvæmara að girða á annan hátt en með sjálfum veginum. Þetta getur átt við þegar náttúrulegar hindranir eða aðrar girðingar eru í námunda og með tengingu þeirra í milli megi með heppilegra móti ná því markmiði að hindra frjálsa för fénaðar að þjóðvegi á viðkomandi svæði. Vegagerðinni verði einnig heimilað að leggja jafn háa fjárhæð í gerð beitarhólfa sem annars væri ætlað til girðingaframkvæmda með vegum á sama svæði.

Nauðsynlegt getur reynst að rýmka ákvæði girðingarlaga og veita Vegagerðinni ákveðna heimild til þessara hluta.

Ljóst þykir að girðing með vegi myndi vera fullkomlega óþörf ef girt væru beitarhólf fyrir ákveðin svæði. Enginn vafi er á að það væri mun betri kostur að ná samkomulagi um gerð beitarhólfa en að reyna að friða veginn með girðingum.

Með tilliti til þessa vill nefndin ítreka að ákvarðanir um vegagirðingar verði ekki teknar fyrr en möguleikar á uppsetningu hólfa hafa verið kannaðir til þrautar í samvinnu við viðkomandi sveitarfélög og aðra er málið varðar.

Afstaða nefndarinnar til girðinga með vegum er eftirfarandi:

- Núverandi girðingar með vegum hafa takmarkaðan tilgang hvað varðar friðun vegarins, enda ekki hugsaðar sem slíkar.
- Ef friða á vegsvæði með girðingum, ber að loka öllum aðrennslisleiðum búfjár inn á það.
- Leitað verði leiða til að girða fjær vegum á þeim stöðum þar sem náttúrulegar hindranir eða aðrir valmöguleikar bjóða upp á hagkvæmari girðingar en fram með vegunum sjálfum.
- Kannað verði hvort unnt sé að girða hólfi í stað vegagirðinga í samráði við landeigendur, sveitarsjórnir og fleiri aðila.
- Tryggt verði eðlilegt viðhald girðinganna og þær ónýtu fjarlægðar.
- Lögregluþjófverkið verði hvött til að sjá til þess að búfé sem fer inn á afgirt vegsvæði verði fjarlægt, og á kostnað eigenda þar sem lausaganga er bönnuð.

**Sérálit.**

Stefán Tryggvason gerði svofellða bókun við þennan kafla:

*„Eins og fram hefur komið er ekkert ákvæði í lögum sem tryggir að girðingar með vegum séu samfellðar. Ekki er heldur almenn vörsluskýlda á búfé. Með öðrum orðum virðist sem stjórnvöld hafi ekki, fram til þessa, viljað taka af festu á því vandamáli sem vegalagning er um lönd sem nytjuð eru til beitar, umfram afgirt beitulönd.*

*Með heimildum búfjárræktarlaga til handa sveitarstjórnnum er hins vegar gert mögulegt að leggja skyldur á búfjáreigendur án þess að á samfélagið hafi verið lagðar kvaðir til að mæta réttarmissi bænda sem slíkri takmörkun kann að vera samfara.*

*Þetta hefur leitt til þess að þessum heimildum er aðeins beitt í takmörkuðum mæli og oft með litlum raunhæfum árangri.*

*Því virðist eðlilegt og nauðsynlegt, til að ná markmiði heimildar búfjárræktarlaganna, þ.e. „til að auka öryggi umferðar á þjóðvegum og forða ágangi búfjár“, að breyta girðingarlögum þannig að samfara lausagöngubanni búfjár verði Vegagerð ríkisins gert skylt að leggja fé til girðinga með vegum, þar sem nauðsynlegt er talið, til að hindra ágang búfjár.*

*Eðli málsins samkvæmt verður að gera greinarmun á því hvort um lausagöngubann stórgripa eða sauðfjár er að ræða.*

*Jafnframt er nauðsynlegt að rýmka heimildir girðingarlaga þannig að Vegagerð ríkisins verði heimilt að leggja fé í girðingahólf þar sem það er talið eðlilegra og hagkvæmara.*

*Með þessu móti má telja að sveitarstjórnir fái meiri hvatningu til að beita heimildum búfjárræktarlaga og þar með setja algert bann við lausagöngu við fjölförnustu vegi.*

*Að lokum skal bent á nauðsyn þess að tryggja samstarf Vegagerðar ríkisins, sveitarstjórna, sýslumanna, samtaka bænda og eftir atvikum féлага og stofnana sem vinna að umhverfisvernd hvenær sem ráðist er í girðingaframkvæmdir með vegum til að tryggja markvissst og árangursríkt starf.“*

Ólafur R. Dýrmondsson lýsti sig samþykkan þeim sjónarmiðum sem fram koma í bókun Stefáns.



## 6. ÖNNUR ATRIÐI

Nefndin hefur auk þess sem að framan greinir rætt fleiri atriði sem varða búfé á vegum og aukið geta öryggi vegfarenda. Sum neðangreindra atriða má fremur líta á sem ábendingar en tillögur.

### *Viðvörðunarkerki.*

Töluvert hefur verið rætt um notkun viðvörðunarkerkja við þá staði þar sem helst má búast við búfé. Þetta á einkum við þar sem nautgripir fara daglega á milli girtra svæða s.s. í nátthaga og eiga leið yfir þjóðveg. Eins má nefna staði þar sem svo háttar til að fjárhús standa við þjóðveg og staði þar sem hross halda sig. Til greina kemur að á þessum stöðum væru merki sem gæfu vegfarendum til kynna að sérstaklega mætti vænta búfjár.

Gegn þessu hefur verið bent á að slíkar merkingar eru kostnaðarsamar og yrðu væntanlega svo víða að ökumenn hættu að veita þeim eftirtekt. Þá væri hætt á að ökumenn gagnályktuðu sem svo að þar sem merkin væru ekki þyrfti ekki að búast við búfé, sem síðan gæti reynst rangt.

Vegna smalamennsku gæti verið þarflegt að hafa tiltæk færanleg viðvörðunarkerki sem löggæslumenn settu upp á tilteknum stöðum þar sem reka þarf fénað um fjölfarin veg svo og í öðrum tilvikum þegar margt búfé er samankomið t.d. við réttir og hestamannamót.

Í þessu sambandi hefur nefndin skoðað erlend umferðarkerki um búfé sem til greina kemur að sett verði í reglugerð um umferðarkerki hér á landi.

### *Endurskinsmerki.*

Nefndin vekur athygli á notkun endurskinsmerkja á stórgripum, einkum hrossum, til að vekja athygli ökumanna á þeim. Þau eru tiltölulega ódýr og hafa komið í veg fyrir slys. Erfitt hefur hins vegar reynst að fá slík merki til að tolla lengi á gripum.

Nefndin leggur til að þetta atriði verði athugað af hálfu Umferðarráðs og fleiri aðila og e.t.v. settar reglur um notkun slíkra endurskinsmerkja.

### *Sáning í vegkanta.*

Því hefur verið varpað fram hvort ekki finnist plöntur til sáningar í vegkanta sem búfé sækir minna í en þær sem almennt eru notaðar í dag. Ljóst er að búfé sækir í nýgræðinginn, einkum 2 - 3 fyrstu árin eftir sáningu.

Nefndin bendir á það sem rannsóknarverkefni fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins að leita hentugri plantna til þessarar notkunar.

### *Saltburður á vegi.*

Þá hefur verið bent á að saltburður á vegi orsakar að búfé leitar þangað. E.t.v. gætu önnur efni komið að notum til rykbindingar sem búfé leitaði síður í.

### *Aukin gæsla.*

Nokkuð er misjafnt hvernig lögregluþyriföld taka á málum þegar búfé er í lausagöngu á girtum vegsvæðum. Á sumum svæðum er lítið gert í þeim málum en á öðrum grípa lögregluþyriföld strax í taumana og gera eigendum viðvart um gripina eða reka þá frá vegunum. Til þess hafa lögregluþyriföld fulla heimild. Vill nefndin hvetja lögregluþyriföld til þess að sinna þessum þætti af fullri einurð og gera búfjáreigendum fullkomlega ljóst að ekki sé liðið að búfé sé á afgirtum vegsvæðum.

## 7. HELSTU FORSENDUR OG NIÐURSTÖÐUR

- a) Tjón af völdum stórgripa í umferðinni eru mun alvarlegri en tjón af völdum annars búfjár.

Hross eru víða í vörslu allt árið og bann við lausagöngu þeirra er mun víðar í gildi bæði á afréttum og heimalöndum, heldur en bann við lausagöngu sauðfjár.

Mun ódýrara er að girða gripaheldu girðingu fyrir stórgripi en sauðfé.

Nefndin leggur til að eigendum og umráðamönnum nautgripa og hrossa verði gert skylt að hafa gripina í vörslu allt árið. Það verði gert með breytingu á búfjárræktarlögum nr. 31/1973.

- b) Í langflestum tilvikum þegar bótakröfur berast til tryggingafélags vegna búfjár sem ferst í umferðinni, eru bætur greiddar athugasemdalaust.

Í reynd eru það tryggingafélögin sem úrskurða í slíkum málum og í fæstum tilvikum er höfðað mál til að fá úrskurði breytt.

Þrátt fyrir heimildir í 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að lækka megi eða fella niður bætur fyrir muni ef sá sem fyrir tjóni varð, var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, virðist sem tryggingafélögin sjái sér ekki hag í að láta reyna á þetta ákvæði þegar búfé á í hlut.

Nefndin telur nauðsynlegt að gera búfjáreigendur betur meðvitaða um ábyrgð sína, með það að markmiði að þeir gæti bústofns síns betur og leggi meiri áherslu á en nú, að halda honum frá helstu umferðaræðum. Jafnframt telur nefndin nauðsynlegt að gera bifreiðareigendum betur ljósan rétt sinn og veita tryggingafélögum þannig aðhald við uppgjör tjóna.

Meirihluti nefndarinnar leggur til breytingu á umferðarlögum sem rýmkar heimildir til bótaskiptingar þegar búfé á hlut að umferðaróhappi.

Minnihluti nefndarinnar telur breytingu á umferðarlögum óþarfa, enda heimildir til bótaskiptingar þegar fyrir hendi í lögum.

- c) Nefndin telur að bann við lausagöngu nautgripa og hrossa og auknar líkur á bótaskiptingu tjóna þar sem búfé á hlut að máli, muni draga verulega úr ágangi búfjár á þjóðvegi.

Nefndin telur að algjöru banni við lausagöngu sauðfjár verði ekki komið á nema í áföngum. Þá ákvörðun og framkvæmd þarf að kanna vandlega og leggur nefndin til að skipuð verði sérstök nefnd sem hafi það verkefni að kanna hvort, hvar og hvenær verði unnt að koma á vörsluskyldu sauðfjár.

- d) Í ljós kemur að umferðarslys, þar sem búfé á hlut að máli, verða hvort heldur sem girt hefur verið meðfram vegi eða ekki.

Vegagerð ríkisins telur sér ekki skylt að girða með vegi þar sem ekki var afgirt svæði fyrir eða löndum lokað með girðingum.

Vegagirðingar eru í dag einungis hugsaðar til að loka viðkomandi löndum en ekki til að friða veginn fyrir búfé.

Ástand girðinga með vegum er mjög mismunandi. Sömu sögu má segja um hlið á heimreiðum.

Leitað verði leiða til að girða fjær vegum á þeim stöðum þar sem náttúrulegar hindranir eða aðrir valmöguleikar bjóða upp á hagkvæmari girðingar en með vegunum sjálfum.

Kannað verði hvort unnt sé að girða hólf í stað vegagirðinga í samráði við landeigendur, sveitarstjórnir og fleiri.

Ef friða á vegsvæði með girðingum, ber að loka öllum aðrennslisleiðum búfjár inn á það og tryggt verði eðlilegt viðhald girðinganna og þær ónýtu fjarlægðar.

Nauðsynlegt getur reynst að rýmka ákvæði girðingarlaga og veita Vegagerðinni ákveðna heimild til að leggja fé í girðingar annars staðar en með vegum sem ná því markmiði að hindra frjálsta för búfjár um þá.

Tillaga kom fram um breytingu á girðingarlögum sem kveður á um auknar skyldur Vegagerðar ríkisins varðandi girðingar með vegum. Ekki var meirihluti fyrir samþykkt hennar.

- e) Nefndin bendir á notkun viðvörðunarkerkja á stöðum þar sem sérstaklega má vænta búfjár á þjóðvegum.

Nefndin vekur athygli á notkun endurskinsmerkja á stórgripum.

Nefndin bendir á það sem rannsóknarverkefni að leita að hentugri plöntum til sáningar í vegkanta en nú eru notaðar.

Nefndin vekur athygli á því að búfé sækir í salt sem notað er til rykbindingar á vegum og að e.t.v. megi nota önnur efni í staðinn.

Nefndin leggur áherslu á að lögregluþyriföld nýti heimildir sínar til að fjarlægja búfé af vegsvæðum.

## 8. LOKAORÐ

Nefndin vill ítreka að hennar hlutverk var „að kanna til hvaða ráðstafana unnt sé að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og í nánd við þá, einkum í og úr frá þéttbýlissvæðum og gera tillögur til úrbóta.“

Nefndarmenn voru sammála um að brýnt væri að koma þessum málum í betra horf. Í meginatriðum voru nefndarmenn sammála um, til hvaða ráða helst bæri að grípa, enda þótt áherslumunur væri á tillögum. Í þeim málum sem ágreiningur varð um skiluðu einstakir nefndarmenn séráliti og gerðu fyrirvara á samþykki sínu.

Taldi nefndin slíka afgreiðslu eðlilegri heldur en að fara einhverjar millileiðir sem sættir hefðu getað náðst um. Með þessu móti fá öll sjónarmið að njóta sín.

Eflaust telja ýmsir að nefndin hafi ekki gengið nógu langt í tillögum sínum en öðrum þykja þær sjálfsagt of róttækar. Við slíku má búast þegar um jafn flókið og viðkvæmt mál sem þetta er að ræða.


Nefndin vill ítreka þá von að niðurstöður hennar verði sem fyrst nýttar til aðgerða er dragi úr þeim mörgu og alvarlegu umferðarslysum sem rekja má til búfjár á vegum landsins.

Reykjavík 6. desember 1989


 

Niels Árni Lund  
formaður


Gunnar Gunnarsson



Ólafur R. Dýrmondsson  
(með fyrirvara)



Óli H. Þórðarson



Stefán Tryggvason



Sveinn Runólfsson

Ólafur R. Dýrmondsson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvörum við tillögu nefndarinnar um algert bann við lausagöngu nautgripa og hrossa. Sjá fyrirvara Ólafs í lok 2. kafla bls. 5.

Stefán Tryggvason er með sérþóknun um girðingar í lok 4. kafla bls. 11.

## 9. FYLGISKJÖL OG HEIMILDIR

Neðangreind gögn nefndarinnar eru varðveitt í landbúnaðarráðuneytinu.

- 1 Fundargerðir nefndarinnar
2. Lög nr. 31/1973 - búfjárræktarlög.  
Lög nr. 57/1989 um breytingu á búfjárræktarlögum.  
Lög nr. 10/1965 - girðingarlög.  
Lög nr. 6/1977 - vegalög.  
Lög nr. 50/1987 - umferðarlög.  
Lög nr. 56/1987 - jarðræktarlög.
3. Ályktun Búnaðarþings 1989.  
Ályktun Stéttarsambands bænda 1989
4. Hæstaréttardómur 1988 bls. 1130.
5. Kort yfir girðingar með vegum.
6. Bréf frá einstaklingum.
7. Erlend umferðarmerki.
8. Blaðaúrklippur.
9. Myndir úr ferð nefndarinnar um Suður- og Suðvesturland.
10. Yfirlit nefndarinnar í júní 1989.
11. Upplýsingar frá tryggingafélögum um umferðarslys.
12. Bréf frá sýslumönnum um hugmyndir nefndarinnar frá í júní 1989.
13. Bréf frá sýslumönnum um bann við lausagöngu búfjár.
14. Upplýsingar frá sýslumönnum um umferðarslys.